



Upplýsingar um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga í tengslum við umsóknir um Afnotaleyfi

Í umsóknarferlinu um afnotaleyfi af borgarlandi Reykjavíkurborgar skal gefa upp ýmsar persónuupplýsingar er varðar umsækjanda og tengiliði. Persónuupplýsingar geta verið notaðar:

- í tengslum við mat á umsókn
- í tengslum við afgreiðslu afnotaleyfis
- á meðan á afnotum stendur, eftir að afnotaleyfi hefur verið gefið út
- eftir að afnotum og afnotaleyfi lýkur, þá í tengslum við eftirfylgd með frágangi eftir afnot og ábyrgðarskilmála

Þær persónuupplýsingar sem umsóknarferlið heimtir eru nöfn, netföng, símanúmer og kennitölur, mismunandi þó hvort um er að ræða umsækjanda eða hina ýmsu tengiliði.

Í tilfellum þegar breytt er um umsóknaraðila eða tengiliði mála er persónuupplýsingum viðkomandi eytt frá málinu.